

72

31. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, nr. 222 21. febrúar 1939.

Slysatryggingariðgjöld sjómanna í 7., 8. og 9. áhættuflokki skulu vera kr. 4.00 á viku frá og með 1. apríl 1941.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt 2. kafla laga nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

73

9. apríl

REGLUGERÐ

um loðdýrarækt.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón með allri loðdýrarækt í landinu. Skipar landbúnaðarráðherra til aðstoðar í þessu efni ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, og skal hann hafa tekið fullnaðarpróf við landbúnaðarháskóla á Norðurlöndum, eða annan hliðstæðan skóla. Laun ráðunautar greiðast úr ríkissjóði og setur ráðuneytið honum erindisbréf.

Loðdýraræktarráðunautur hefur, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, aðal-
eftirlit með því, að farið sé eftir ákvæðum loðdýraræktarlaganna og reglugerðar þessarar.

Heimilt er ráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands umsjón með störfum loðdýraræktarráðunautar.

2. gr.

Loðdýr nefnast öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega, svo sem refir (vulpes), merðir (mustelidae), t. d. venjulegur mörður, sundmörður (mink), pekan, safali o. fl., otrar (lutridae), þvottabjörn (procyon lotor), hérar (lepores), t. d. venjulegir, hérar, kanínur o. fl., nútíur (myopotamus coypu), bjórar (castoridae), íkorni (sciurus) o. s. frv.

Verði ágreiningur um hvort einhver dýrategund, sem hér er ekki talin, skuli teljast til loðdýra eða ekki, sker landbúnaðarráðuneytið úr.

3. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist, ef loðdýr eru haldin til tíngunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef loðdýr eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarðar nefnast girðingar og búr, sem loðdýr eru geymd í, en aðhald, þar sem þau eru höfð í ógirtum eyjum.

4. gr.

Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, hér á eftir nefndur leyfisbeiðandi eða leyfishafi, skal fá til þess leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar eða